

Fyrirmæli

Útgáfudagur:

27. mars 2009

Gildistaka:

1. apríl 2009

Númer:

RS: 5 /2009

**Efni: Hámarkstími meðferðar líkamsárásarmála, nauðgunarmála og efnahagsbrota hjá lögreglu og ákærendum.**

**A. Almenn atriði.**

Í september 2001 voru gefin út fyrirmæli RS: 5/2001 um hámarkstíma málsmeðferðar líkamsárásarmála, sbr. 217. og 218. gr. almennra hegningarlaga. Sömuleiðis voru gefin út í mars 2008 fyrirmæli RS: 2/2008 um hámarkstíma málsmeðferðar nauðgunarmála. Bæði þessi fyrirmæli eru hér með felld úr gildi en í stað þeirra koma ný fyrirmæli sama efnis fyrir þessi brot auk þess sem fyrirmælin ná einnig yfir efnahagsbrot.

Málshraðareglan er ein af grundvallarreglum réttarfars sem víða kemur fram í lögum og tryggð er sérstaklega í 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Hefur vægi reglunnar sífellt verið að aukast eins og fjölmörg dómafordæmi sýna. Markmið ákvæða um eðlilegan málshraða eru til þess fallin að bæta réttarstöðu sakborninga og brotþola auk þess að styrkja réttaröryggi borgaranna. Brot á ákvæðum sem tryggja eðlilegan málshraða kemur fram í ávítum á ákærvaldið og mildun refsinga sakborninga en hvorugt er ásættanlegt.

Líkamsárásarmál og nauðgunarmál og raunar kynferðisbrotamál í heild eru af þeim toga að miklu varðar að málsmeðferðartíminn sé sem stystur, enda byggjast þau iðulega á framburði aðila og vitna eingöngu. Þá hefur það almennt mikil fyrirbyggjandi áhrif og stuðlar að öryggi í samfélaginu að skammur tími líði frá broti þar til ákærða er gerð refsing.

Rannsókn efnahagsbrota er annars eðlis en rannsókn ofbeldisbrota en sönnunargögn liggja þar mun meira skriflega fyrir en í hinum fyrrnefndu málaflokkum. Efnahagsbrot eru hins vegar iðulega umfangsmikil og flókin og rannsókn þeirra getur teygst sig á milli landa. Því er almennt viðurkennt að þau geti tekið mun lengri tíma en önnur mál. Mikilvægast er hins vegar að unnið sé að rannsókn þessara mála með eðlilegum hraða og að ekki myndist óútskýrðar eyður í rannsókninni.

Af hálfu ríkissaksóknara er lögð áhersla á að lögreglustjórum beri að setja krefjandi markmið um meðferð sakamála, bæði um vönduð og markviss vinnubrögð við rannsóknir einstakra mála og ekki síður um málshraða. Jafnframt var lögð áhersla á að lögreglustjórar eigi að fylgja þeim kröfum sínum eftir og kalla á árangur.

Markmið ákærvaldsins er að tryggja málsmeðferð þar sem saman fara gæði og eðlilegur hraði við rekstur máls. Með því er verið að sinna þeirri meginskyldu laga og kröfu samfélagsins um að afbrotamenn verði beittir lögmæltum viðurlögum.

Ráðstafanir til að stytta meðferðartíma mála mega aldrei vera á kostnað gæða og réttaröryggis. Þannig verður rannsókn máls aldrei hætt til þess eins að ljúka því innan frests ef þörf er á áframhaldandi rannsókn eftir að frestur er útrunninn sem leitt gæti til þess að mál upplýsist.

Þess skal getið að unnið er að því að ríkissaksóknari geti fengið á aðgengilegan hátt rafrænt upplýsingar um málsmeðferðartíma þessara mála þannig að ekki þyrfti að útfylla þar til gerð eyðublöð hjá hverju embætti fyrir sig. Þar til það hefur verið gert ber lögreglustjórum að gera skil á þar til gerð eyðublöð fyrir viðkomandi ár í heild. Því er mjög mikilvægt að mál séu rétt skráð og að eftirlit með því sé virkt en röng skráning kostar aukna vinnu og gerir alla tölfraeðivinnu ómarkvissa.

## **B. Líkamsárásarmál.**

Ríkissaksóknari telur að markmið um hámarkstíma sem meðferð slíkra mála megi taka skuli vera:

Í líkamsárásarmálum, sbr. 217. og 218. gr. almennra hegningarlaga **skal meðferðartími ekki vera lengri en 90 dagar nema rannsóknarhagsmunir eða aðrar alveg sérstakar ástæður krefji.**

Meðferðartími mála skal talinn frá kæru, eða frá þeirri stundu að upplýst er hver kærður er, þar til rannsókn er hætt, ákvörðun um saksókn hefur verið tekin, eða mál sent ríkissaksóknara. Ekki má líða lengri tími en 15 dagar frá því rannsókn lýkur þar til ákvörðun um saksókn hefur verið tekin.

## **C. Nauðgunarmál.**

Í fyrirmælum RS: 2/2008 er fjallað um aðdraganda þess að þau voru sett og gerð grein fyrir starfi nefndar sem sett var á laggirnar til að skoða meðferðartíma þessara mál. Þau rök verða ekki endurtekin hér en bent er á að skýrsluna má finna á heimasíðu embættisins **ríkissaksóknari. is.**

Ríkissaksóknari telur að markmið um hámarkstíma meðferðar nauðgunarmála skuli vera:

Í nauðgunarmálum samkvæmt 194. gr. almennra hegningarlaga **skal meðferðartími ekki vera lengri en 60 dagar nema rannsóknarhagsmunir eða aðrar sérstakar ástæður komi í veg fyrir það svo sem að beðið sé DNA rannsókna eða annarra sérfræðigagna.**

Meðferðartíminn telst frá kæru eða frá þeirri stundu að upplýst er hver kærður er, þar til rannsókn er hætt eða mál sent ríkissaksóknara. Fari rannsókn fram úr tímamörkum skal lögreglustjóri gera ríkissaksóknara grein fyrir helstu ástæðum þess um leið og mál er sent honum.

#### **D. Efnahagsbrot.**

Í efnahagsbrotum **skal markmiðið vera að hefja rannsókn allra mála sem fyrst og eigi síðar en sex mánuðum eftir að kæra barst.**

Rannsókn skal lokið innan 2 ára nema sérstakar ástæður komi í veg fyrir það sem er að mál telst mjög umfangsmikið eða þegar afla þarf gagna erlendis frá. Í þeim tilvikum skal þó þess gætt að unnið sé stöðugt að málinu. Ríkislögreglustjóri skal árlega senda ríkissaksóknara skilagrein yfir þau mál þar sem ákæra hefur ekki verið gefin út þótt liðin séu tvö ár frá kæru. Þar skal gerð grein fyrir stöðu viðkomandi máls og gera verkáætlun um framhald þess.

Ákærendur hjá embætti ríkissaksóknara skulu taka ákvörðun um saksókn innan 30 daga frá því mál barst embættinu. Þyki nauðsynlegt að senda mál til framhaldsrannsóknar skal tiltekinn hæfilegur frestur til lögreglustjóra til að ljúka rannsókn. Ákvörðun um saksókn skal tekin innan 15 daga frá því mál berst ríkissaksóknara að nýju.

Með fyrirmælum þessum falla úr gildi fyrirmæli RS: 5/2001 Hámarkstími málsmeðferðar og RS: 2/2008 Hámarkstími málsmeðferðar nauðgunarmála.

Valtýr Sigurðsson